

FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað september 2012. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason

Félag bókagerðarmanna flytur aðsetur sitt

Skrifstofa Félags bókagerðarmanna flytur á Stórhöfða 31, 3. hæð, Reykjavík þriðjudaginn 25. september n.k. Skrifstofan verður lokuð vegna flutnings föstudaginn 21. og mánudaginn 24. september.

Opnunartími skrifstofu verður kl. 9 – 16 alla virka daga.

■ Sala Hverfisgötu 21 ákveðin á félagsfundi 12. júní s.l.

Á aðalfundi FBM í apríl sl. var stjórn heimilað að selja Hverfisgötu 21. Húsið var auglýst til sölu og innan tíðar bárust ásættanleg tilboð í húsið. Stjórn og trúnaðarráð fjölluðu um málið og var félagsfundur haldinn um sölu hússins.

Kaupendur hússins eru RR hótél ehf. sem hyggjast hefja hótélrekstur á Hverfisgötu 21, en fyrir reka þau hótél á Hverfisgötu 45.

Í kjölfar afhendingar hússins mun starfsemi félagsins flytja á Stórhöfða 31 í húsnæði Rafiðnaðarsambands Íslands og MATVÍS þar sem félagið leigir aðstöðu og fundarsali.

■ Frá aðalfundi FBM 2012

Aðalfundur FBM var haldinn miðvikudaginn 12. apríl s.l. á Grand hótél v/Sigtún.

Fundurinn var ágætlega sóttur en 40 félagsmenn mættu. Eftir skýrslu stjórnar og yfirferð reikninga

félagsins sem send hafði verið í riti út til allra félagsmanna var umræða um starf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

■ Húsnæðismál FBM

Á fundinum var lögð fram tillaga frá stjórn og trúnaðarráði félagsins þess efnis að aðalfundur samþykkti að veita stjórn og trúnaðarráði FBM heimild til að leita til fasteignasala, fá verðmat og hefja söluferli á eign félagsins á Hverfisgötu 21. Ef ásættanlegt sölutilboð berst verður það borið undir félagsfund til samþykktar. Lög félagsins kveða á um að allar meiriháttar eignabreytingar þurfi að bera undir félagsfund. Tillagan var samþykkt með 39 atkvæðum, einn var á móti.

■ Hús nr. 5 í Miðdal sett í söluferli

Einnig var lögð fram tillaga þess efnis að aðalfundur myndi samþykkja að hús nr. 5 í Miðdal yrði sett í söluferli. Húsið verði boðið til sölu meðal félagsmanna FBM sem jafnframt býðst að gera lóðarleigusamning vegna lóðarinnar sem húsið stendur á. Áskilinn réttur til að taka hæsta tilboði eða hafna öllum. Tillagan var samþykkt.

■ Grétar Sigurðsson kjörinn heiðursfélagi FBM

Á aðalfundinum var Grétar Sigurðsson bókbindari kjörinn heiðursfélagi FBM. Grétar lést eftir skammvinn veikindi 25. ágúst sl. 82 ára að aldri.

Útsala á notuðum húsgögnum

FBM stendur fyrir sölu á notuðum húsgögnum laugardaginn 15. september kl. 10 – 14 á Hverfisgötu 21. Til sölu verða borð og stólar, skrifstofuhúsgögn, HÍP bollastell ofl.

■ Kosning trúnaðarmanna

Þann 15. október 2012 rennur út kjörtímabil allra trúnaðarmanna FBM. Trúnaðarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn, nema annað sé tekið fram. Það er því nauðsynlegt að fara að undirbúa nýtt kjör svo nýir trúnaðarmenn geti tekið til starfa þegar kjörtímabilinu lýkur. Þegar kosning hefur farið fram skal tilkynna niðurstöðuna til skrifstofu FBM og verður þá sent skipunarbréf til viðkomandi trúnaðarmanns og bréf til fyrirtækis.

Kosning trúnaðarmanns fer fram með skriflegri atkvæðagreiðslu á viðkomandi vinnustað, en rétt til að greiða atkvæði og kjörgengi hafa eingöngu félagsmenn FBM. Kosning er einn trúnaðarmaður á vinnustöðum þar sem vinna 5–50 starfsmenn, en tveir trúnaðarmenn ef starfsmennirnir eru fleiri en 50.

■ Öryggistrúnaðarmenn

eru kjörnir til tveggja ára í senn og ef kjörtímabil þeirra er lokið er best að kjósa þá um leið og félagslegu trúnaðarmennina. Kjör þeirra fer fram samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum, nr. 46, 28. maí 1980. Kjörinn er einn öryggistrúnaðarmaður þar sem eru 10–50 starfsmenn, en tveir þegar starfsmenn eru fleiri en 50.

Kosningin skal fara fram með skriflegri atkvæðagreiðslu sem stendur a.m.k. einn vinnudag, eða með skriflegri atkvæðagreiðslu á starfsmannafundi sem boðaður hefur verið með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir starfsmenn fyrirtækisins nema stjórnendur.

■ Vinnustaðafundir

Stjórnarmenn FBM eru tilbúnir til að koma á vinnustaðafundi til að aðstoða við kosningarnar, og til almennrar umræðu um félagsmál.

■ Vetrarleiga orlofsheimila

Minnum á orlofshúsavef félagsins

www.orlof.is/fbm

Félagsmenn geta skoðað laus hús, pantað og gengið frá greiðslu með kreditkort. Aðeins virkir félagsmenn FBM hafa aðgang að síðunni. Kennitala félagsmannsins er notandanafn og við fyrstu innskráningu velur félagsmaður sér lykilorð sjálfur.

Við hverja vetrarleigu minnkar punktaineign um 2 punkta.

Miðdalur

Hús 1: Vikuleiga 21.500 kr. Helgarleiga 14.000 kr. Aukanótt 1.500 kr.

Hús 2: Vikuleiga 21.500 kr. Helgarleiga 14.000 kr. Aukanótt 1.500 kr.

Hús 7: Vikuleiga 21.500 kr. Helgarleiga 14.000 kr. Aukanótt 1.500 kr.

Hús 5: Vikuleiga 14.500 kr. Helgarleiga 8.000 kr. Aukanótt 1.300 kr.

Ölfusborgir

Hús nr. 13: Vikuleiga 19.000 kr. Helgarleiga 12.000 kr. Aukanótt 1.400 kr.

Akureyri

Furulundur 8T: Vikuleiga 19.000 kr. Helgarleiga 12.000 kr. Aukanótt 1.400 kr.

Reykjavík

Ljósheimar 10: Vikuleiga 19.000 kr. Helgarleiga 12.000 kr. Aukanótt 1.400 kr.

Illugastaðir

Rekstrarfélag annast útleigu að vetri til og skal hafa samband við starfsmenn á staðnum varðandi leigu.

Sími á Illugastöðum 462 6199



■ Bústaður til sölu í efra hverfi F gata 6

Til sölu bústaður í efra hverfi í Miðdal. Stærð 37 fm, fasteingamat 6,1 milljónir, brunabótamat 9,3 milljónir. Ný rotþró, rafmagn, stór pallur og falleg kamína. Bústaðurinn þarfnast hressingar að utan. Tilboð óskast. Upplýsingar í síma 692 8839, heidbjort@mbl.is.

Lögfræðipjónusta FBM

Lára V. Júlíusdóttir hrl. er til viðtals á skrifstofu FBM fyrsta þriðjudag í mánuði. Panta þarf viðtal í síma 552 8755 eða vefpósti fbm@fbm.is.

Einnig er hægt að panta tíma á lögfræðistofu hennar Lögmennt Laugavegi 3, sími: 520 1050